

Skýrsla formanns stjórnar GDLH fyrir starfsárið 2015

Aðalfundur Gæðingadómarafélags LH

23. október 2015

Skýrsla þessi er tekin saman af formanni GDLH fyrir aðalfund félagsins 2015. Tilgangur skýrslunnar er að draga saman félagsstarf starfsársins 2014-2015 og önnur tilfallandi mál þar sem GDLH hefur komið við sögu.

Upphaf starfsárs og úthlutun ábyrgðastarfa

Stjórn félagsins var kosin á aðalfundi í lok október 2014. Engar breytingar áttu sér stað á skipan stjórnar milli ára.

Frá upphafi starfsárs lá fyrir að starfsemi félagsins yrði með svipuðum hætti og árið áður: að stjórn og fræðslunefnd skildu starfa náið saman og áhersla yrði lögð á að halda áfram að efla fræðslustarfið og styrkja tengslanet félagsins á erlendri grundu.

Fyrsti formlegi fundur stjórnar var haldin 17. nóvember 2014 þar sem Erlendur Árnason var kjörin ritari stjórnar og Pétur Vopni kjörin gjaldkeri félagsins. Stjórn skipaði í kjölfarið fræðslunefnd sem var óbreytt milli ára, að því undanskyldu að Lárus Hannesson steig til hliðar sem formaður og Magnús Sigurjónsson tók við formennsku nefndarinnar.

Fundir stjórnar og fræðslunefndar

Á starfsárinu voru haldnir 8 formlegir fundir stjórnar og fræðslunefndar, ásamt fjölmörgum vinnufundum og undirbúningi fyrir fræðslustarf. Fundir fara íðulega fram í húsakynnum LH í Laugardal, en símafundir tíðkast einnig þegar við á.

Fræðslustarf félagsins

GDLH hélt fimm námskeið á árinu; þrjú námskeið á Íslandi og tvö námskeið erlendis.

Námskeið innanlands

Líkt og fyrri ár að þá er stærsti viðburður í fræðslustarfi félagsins upprifjunarnámskeið GDLH á höfuðborgarsvæðinu sem að þessu sinni fór fram í Víðistaðaskóla, í mars. Vegna veður gátu færri sótt námskeiðið en vildu, en um 35 manns sátu námskeiðið. Líkt og árið áður var lagt upp með gagnvirka fræðslu og umræðu. Félagsmönnum var skipt upp í vinnuhópa þar sem tekin voru fyrir mismunandi áhersluatriði og viðfangsefni.

Stuttu síðar var haldið sambærilegt upprifjunarnámskeið á Blönduósi. Til viðbótar var haldið „sjúkranámskeið“ á Blönduósi fyrir þá aðila sem ekki gátu sótt fyrri tvö námskeiðin vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Námskeið erlendis

Tvö upprifjunarnámskeið voru haldin erlendis á árinu:

Danmörk, febrúar 2015

Þýskaland, apríl 2015

Viðamikilið upprifjunarnámskeið var haldið í Kaupmannahöfn í febrúar. GDLH vann að undirbúningi námskeiðsins með fulltrúum gæðingahreyfingarinnar og tengiliðum GDLH í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Var ákveðið að halda eitt upprifjunarnámskeið fyrir öll þessi lönd og var sammælt um að það yrði í Kaupmannahöfn. Tveir fulltrúar fræðslunefndar fóru erlendis og héldu námskeið með sama sniði og upprifjunarnámskeið fara fram á Íslandi. Einnig fóru erlendir dómarar í gegnum sama undirbúningsferli, þ.e. dæmdu hesta á netinu og skiluðu inn tölum.

Á árinu var einnig haldið upprifjunarnámskeið í Þýskalandi í apríl. Sambærilegur undirbúningur átti sér stað fyrir það námskeið eins og önnur upprifjunarnámskeið sem og framkvæmd. Því miður var mæting ekki eins og væntingar stóðu til, en 9 dómarar höfðu skráð sig til leiks, en þegar uppi var staðið mættu 2 dómarar á námskeiðið. Nánast án fyrirvara var sett Tölt in

Harmony námskeið á sama tíma og þar að auki var lestarverkfall í Þýskalandi sem hjálpaði ekki til.

GDLH hefur unnið að því að styrkja samband við hreyfinguna í Þýskalandi, en svo virðist sem að forsvarsmenn Landssambandsins þar í landi telji sig ekki hafa nokkra þörf á að vera í samstarfi við GDLH. Ljósi punkturinn er sá að GDLH hefur nú samstarfsaðila sem er að aðstoða við að koma á sterkara sambandi milli okkar. Það er okkar von og trú að allir gæðingadómarar, óháð staðsetningu, séu formlega útskrifaðir dómarar af GDLH og löglegir á ári með því að sitja upprifjunarnámskeið líkt og lög og reglur GDLH kveða á um.

Að loknum upprifjunarnámskeiðum ársins var ljóst að 85 gæðingadómarar voru virkir á árinu 2015: 55 á Íslandi og 30 erlendis.

Úthlutun dómara innanlands

Stjórn stóð að úthlutun gæðingadómara á öll gæðingamót á Íslandi á vordögum. Aðeins virkir gæðingadómarar geta tekið þátt í dómsstörfum á ári hverju.

Sambærileg framkvæmd var á úthlutun milli ára. Stjórn GDLH útlitaði drögum að úthlutun sumarsins og sendi á alla félagsmenn. Félagsmenn höfðu þá svigrúm til þess að rýna í dagskránnu og biðja um breytingar ef þess væri þörf.

Þrátt fyrir að dómarar hafi gott svigrúm til að aðlaga úthlutun að eigin dagskrá er ljóst að róteringar á skipan dómara rétt fyrir gæðingamót er ennþá í hærrí kantinum. Einnig er ljóst að síaukið álag fyrstu helgarnar í júní er ekki að hjálpa til. Vert er að skoða þann möguleika að ræða við félögin um að dreifa álaginu á fleiri helgar.

Fjórðungsmót Austurlands var haldið á árinu og sóttu 16 gæðingadómarar um að dæma mótið. Komist var a samkomulagi við mótshaldara að útvega 6 gæðingadómara á mótið. Ánægjulegt var að sjá hve margir höfðu áhuga á að dæma á mótinu. Fyrir stjórn lá því ákveðið lúxusvandamál, að velja 6 dómara úr hópi 16 umsækjanda.

Úthlutun dómara erlendis

Í samstarfi við gæðinganefnd danska landssambandsins aðstoðaði GDLH við úthlutun á dómurum á fjögur dönsk gæðingamót á árinu: 3 úrtökumót og danska meistaramótið. GDLH sá um að úthluta 1 dómara á öll þessi mót sem jafnframt var yfirdómari, og einn dómara til á danska meistaramótið.

Stjórn auglýsti dómsstörfin snemma veturs til umsóknar og voru viðbrögðin góð, eða 6-10 umsóknir fyrir hvert mót. Við úthlutun á dómsstörfum var horft til þess viðkomandi dómara þurfa að vera yfirdómarar og vera leiðandi í dómsstörfum gagnvart erlendu dómurunum. Voru því Landsdómarar með forgang að þessu sinni.

Það er vonandi að þessi þróun eigi bara eftir að aukast: erlendum dómsstörfum er úthlutað í gegnum GDLH. Með því móti getur félagið úthlutað slíkum ábyrgðarstörfum til fleiri félagsmanna, enda um gríðarlega reynslu að ræða.

Stjórn mun birta formlega samantekt á dómsstörfum erlendis á aðalfundi, og í kjölfarið birta á heimasíðu félagssins ásamt öðrum gögnum af aðalfundi.

Erlent samstarf

GDLH hefur haldið við og styrkt sambönd sín við landsshreyfingar í eftirfarandi löndum:

- Danmörk
- Svíþjóð
- Noregur
- Finnland
- Austurríki/Sviss
- Þýskaland

GDLH er þegar byrjað að undirbúa upprifjunarnámskeið fyrir öll þessi lönd á næsta ári, ásamt nýdómaranámskeiðum eftir þörfum.

Einnig stendur til að stækka tengslanetið og hefja formlegt samstarf við Holland á næstu misserum.

Okkar helsta áskorun er sú að Landssamböndin viðurkenni mikilvægi okkar í endurmenntun þeirra dómara. Í raun ætti það að vera svo í viðkomandi löndum, líkt og hérlandis, að gæðingamót eru ekki lögleg nema dómarar mótsins hafi setið upprifjunarnámskeið það árið. Landssambönd reyna að horfa framhjá þeirri staðreynd, eða einfaldlega hunsa hana. Við höfum náð upp öflugu fyrirkomulagi á Norðurlöndunum og vonandi að sambærilegt fyrirkomulag nái dreifingu víðar á næstunni.

C-flokkurinn

Á síðasta starfsári vann stjórn og fræðslunefnd tillögu fyrir landsþing LH um að opna fyrir möguleikann á byrjaendaflokki fyrir fullorðinna í gæðingakeppni. Upphaflega komu nefndarmenn auga á þörfina í gegnum dómsstörf innanlands og erlendis, sem og í gegnum önnur samskipti innan geirans. Í kjölfarið útbjó stjórn og fræðslunefnd drög að C-flokknum svokallaða, sem einblýnir á byrjendur í fullorðinsflokki sem treysta sér ekki til að hefja leik beint í A eða B flokki. Á Landsþingi var samþykkt að GDLH myndi útbúa formleg drög að flokknum og prufukeyra flokkinn sem sýningargrein á keppnisárinu 2015.

Almenn viðbrögð af keppni í flokknum eru mjög jákvæð. Erlendis fékk flokkurinn gríðarlegar undirtektir frá fyrsta degi þar sem fjöldi fólks skráði sig strax til leiks. Í mörgum tilfellum er það svo að bæði hestakostur áhugamannsins og keppnisreynsla gera það að verkum að viðkomandi treystir sér ekki í keppni í A eða B flokk en telur sig heima í einfaldri keppni í C-flokk. GDLH hefur fengið þau viðbrögð erlendis frá að það að koma endanlegri útgáfu af keppnisfyrirkomulaginu í löglegt form ætti að vera forgangsatriði, þar sem flokkurinn hefur stutt mikið við almennan áhuga á gæðingakeppninni erlendis.

Innanlands hefur verið keppt í flokknum sem sýningargrein hjá nokkrum félögum á höfuðborgarsvæðinu sem og út á landi, m.a. hjá Spretti, Fák og Snæfelling. Viðbrögð keppenda hafa verið frábær og ýta undir tilgang flokksins: að hann styðji við fjölgun keppenda og brúi bilið fyrir áhugamanninn.

Stjórn mun birta formlega samantekt á þróun C-flokksins á aðalfundi og í kjölfarið á heimasíðu félagsins.

Önnur mál

Á árinu kom ein formleg fyrirspurn frá félagsmanni sem krafðist formlegs svarbréfs frá stjórn. Varðaði málið hvernig stjórn stóð að úthlutun gæðingadómara á Fjórðungsmót Austurlands á árinu. Stjórn svaraði með formlegu bréfi og hafði samband við viðkomandi félagsmann í kjölfarið.

Framundan hjá GDLH

Það liggur fyrir að næsta starfsár GDLH verði stórt hvað starfsemi félagsins varðar. Undirbúningur er þegar hafin og geta félagsmenn horft bjartsýnir fram á veginn.

Hvað fræðslustarf varðar er í skipulagningu upprifjunarnámskeið fyrir Norðurlönd, Austurríki, Þýskaland og Finnland. Samhliða upprifjun í Finnlandi verður líkast til kynning á gæðingakeppninni líkt og árið 2014. Einnig er stefnt á nýdómaranámskeið á Norðurlöndunum, en GDLH hefur fengið beiðnir og fundið fyrir miklum áhuga á slíku námskeiði.

Á Íslandi verða auðvitað hin hefðbundnu upprifjunarnámskeið. Einnig er í undirbúningi að halda nýdómara- og landsdómaranámskeið, ef áhugi liggur fyrir.

Þess til viðbótar er Landsmótsár og ætti að vera tilhlökkun í félagsmönnum GDLH að taka þátt í undirbúningi og starfi á Landsmóti á næsta ári að Hólum í Hjaltadal.

Fráfarandi formaður þakkar fyrir sig

Ég hef átt frábær tvo ár í formannssæti stjórnar og átt í afar farsælu samstarfi við mína meðreiðarmenn og konur. Við höfum starfað sem ein stór liðsheild frá fyrsta degi sem hefur gert okkur enn öflugri útávið. Ég tel að starfsemi félagsins sé í góðum farvegi og við höfum félagsskap til að styðja ennfrekar við öflugt starf gæðingadómara.

Vegna vinnu minnar er ég búsettur erlendis og á næstunni mun ég hafa minna svigrúm til að sinna félagsstörfum og hef því ákveðið að stíga til hliðar. Ég mun halda áfram að styðja við félagsskapinn eftir bestu getu og mun án nokkurs vafa vera áfram í framvarðasveit stuðningsmanna gæðingakeppninnar!

GDLH hefur öfluga félagsmenn sem saman geta myndað frábæra liðsheild, en það er einmitt lykilinn að farsælum félagsskap.

Ég veit til þess að samstarfsmaður minn til tveggja ára, Magnús Sigurjónsson, formaður fræðsluefndar, hefur hug á að bjóða sig fram til formanns stjórnar. Magnús hefur verið gríðarlega öflugur í starfsemi félagsins undanfarin tvö ár, og leitt fræðslustarfið síðastliðið ár. Ég treysti Magnúsi til að leiða félagsskapinn og vona að hann fái tækifæri til þess á komandi aðalfundi.

Bestu þakkir,

Sigurður Straumfjörð Pálsson
Formaður GDLH
21. október 2015